

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 166/2000

M.
og
Vátryggingafélagið X v/húseigendatryggingar.

Ágreiningur um réttarstöðu vegna vatnstjóns sem varð þann 31.12. 1999.

Gögn.

1. Málskot móttekið 02.06. 2000.
2. Bréf málskotsaðila til úrskurðarnefndar dags. 25.05. 2000 þar sem hjálagt fylgdi yfirlýsing pípulagningarmanns dags.08.03. 2000.
3. Bréf málskotsaðila til vátryggingafélagsins dags. 06.01. 2000, 27.01. 2000, 23.03. 2000.
4. Bréf vátryggingafélagsins dags. 17.01. 2000, 10.02. 2000, 31.03. 2000, 28.01. 2000.
5. Bréf vátryggingafélagsins til úrskurðarnefndar dags. 15.06. 2000 þar sem hjálagt fylgdi símbref félagsins dags. 09.02. 2000, bréf félagsins til tjónanefndar vátryggingarfélaganna dags. 28.01. 2000, vátryggingarskilmálar húseigendatryggingar og teikningar frá tæknideild Kópavogsbæjar.
6. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 132/2000.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Vatn flæddi um gólf húsnæðis M í Kópavogi vegna bilaðra brunndæl sem áttu að taka við og flytja utanaðkomandi vatn frá húsinu. Þegar tjónið varð var mikið snjómagnt og mikil rigning og asahláka.

Vátryggingafélagið telur, með vísan til gr. 917.20 í skilmála vatnstjónstryggingar húseigendatryggingar, þá falli tjón vátryggingartaka utan verndar vátryggingarinnar. Um sé að ræða vatn sem þrýstist upp úr frárennislögnum. Samkvæmt gr. 917.20 bætir vátryggingin ekki skemmdir af völdum vatns sem þrýstist upp úr skolp- eða frárennislögnum eða af völdum þess að lagnir geta ekki flutt allt það vatn er að berst.

Málskotsaðilinn telur að tjónið sé bótaskyld, þar sem það megi rekja til þess að lagnakerfi hússins hafi bilað. Hann telur að brunndælur séu hluti af lagnakerfi hússins. Hann vísar til yfirlýsingar pípulagningarmanns sem telur brunndælur vera hluta af lagnakerfi þess. Málskotsaðilinn telur að ákvæði 916.10 í vátryggingarskilmálum eigi við, en þar komi fram að vátryggingin bætir skemmdir sem verða á vátryggðri húseign sem eiga upptök sín innan útveggja þess og stafa eingöngu af ófyrirsjáanlegum og skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum þess.

Álit.

Nefndin telur að umrætt tjón sé undanskilin áhætta skv. fyrirliggjandi skilmálum. Grein 917.20 á við í máli þessu en þar kemur fram að vátryggingin bætir ekki skemmdir af völdum vatns sem þrýstist upp úr skolp- eða frárennislögnum eða af völdum þess að lagnir geta ekki flutt allt það vatn er að berst. Nefndin telur að ekki hafi verið sýnt fram á að umrædd grein eigi ekki við.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi skv. fyrirliggjandi húseigendatryggingu.

Reykjavík 18. júlí 2000

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.